



## Fjárlaganefnd Alþingis Nefndarsvið

Hafnarfjörður, 10. nóvember 2023

### Efni: Erindi frá stjórn Parkinsonsamtakanna og stjórn Takts enduræfingar ses. vegna fjármögnunar Takts.

Taktur endurhæfing Parkinsonsamtakanna hóf starfsemi sína í Lífsgæðasetri St. Jó í Hafnarfirði í byrjun árs 2022. Hjá Takti er boðið upp á faglega endurhæfingu með sérhæfðri sjúkra- og iðjubjálfun fyrir fólk með parkinson og skylda sjúkdóma. Í langvinnum, ólæknandi taugasjúkdómi er endurhæfing mikilvæg og samkvæmt rannsóknum það eina sem getur haldið aftur af framgangi sjúkdómsins. Taktur veitir þarfa þjónustu fyrir sjúklingahóp í veikri stöðu og brýnni þörf sem hefur ekki hlotið sambærilega meðferð áður. Markmiðið er að halda aftur að framgangi sjúkdómsins, styðja við sjálfstæði og draga úr þörf fyrir dýrari þjónustuúrræði. **Það er einfalt reikningsdæmi að hver mánuður eða ár sem hver einstaklingur heldur sjálfstæðri tilveru fyrir tilstuðlan fyrsta stigs þjónustu og forvarna borgar sig margfalt þegar á heildina er litið og er í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda til ársins 2030.**

**Fjöldi notenda hefur farið verulega fram úr áætlunum og í dag sækja að meðaltali 45 einstaklingar þjónustu daglega, en heildarfjöldi einstaklinga sem hafa nýtt sér þjálfun hjá Takti eru rúmlega 250. Þar að auki hafa um 300 einstaklingar nýtt sér fræðsluerindi, námskeið og faglega ráðgjöf á síðastliðnu ári.** Þjónustan er ekki dagdvöld heldur skráir hver notandi sig í tíma í dagskrá Takts samkvæmt endurhæfingaráætlun iðjubjálfa. Dagskráin er fjölbreytt vegna mismunandi þarfa en með skráningum í hvern tíma er hægt að fullnýta plássin sem tryggir betri nýtingu fjármagns. Taktur hefur gert samstarfssamning við sjálfstætt starfandi fagfólk sem sér um stuðning og meðferðir hópa ásamt einstaklingsráðgjöf og nýtur þar betri kjara og greiðir um 75% af almennu gjaldi. Notendur Takts hafa þannig greiðan aðgang að fjölbreyttri og faglegri þjónustu og fé rennur beint í veitta þjónustu. Vegna mikillar ásóknar hefur verið lokað fyrir biðlista í sjúkraþjálfun og auka þarf þjónustuframboð til að mæta þörfum sjúklingahópsins.

Parkinsonsamtökin fengu úthlutað frá Heilbrigðisráðuneyti 50.000.000 kr. á ári, 2022 og 2023, sem skipti sköpum til að koma starfseminni af stað. Á móti hafa samtökin lagt til vel á annað hundrað milljóna sem hefur runnið í húsnæði, sérhæfðan búnað og tæki. Samkvæmt rekstraráætlun næsta árs þarf að lágmarki 7.917.000 kr. á mánuði eða 95.000.000 kr. á ári til að standa undir rekstri Takts. Launakostnaður vegur þyngst, en til að sinna faglegri þjónustu, fyrirsjáanlegri fjölgun þjónustuþega og standa undir kröfum um gæði þarf að lágmarki 7 stöðugildi sem eru í dag 4. Samkvæmt þeim samningi sem nú liggur fyrir hjá Sjúkratrygginum Íslands er framlag ríkisins til þjónustukaupa 25.000.000 kr. fyrir árið 2024. Það liggur ljóst fyrir að þrátt fyrir góðan vilja og stuðning frá styrktaraðilum geta samtökin ekki staðið undir 75% af rekstrarkostnaði með sjálfsaflafé.



Aðkoma hins opinbera er skynsamleg og hagkvæm fjárfesting í meðferð og heilsueflingu fólks með parkinson og skylda sjúkdóma. **Kostnaður við þjónustu Takts jafnast á við 16 dagdvalarrými með sérhæfðri endurhæfingu en eins og fyrr segir eru að meðaltali 45 einstaklingar sem nýta sér þjónustu Takts daglega.**

Það er gríðarlega mikilvægt að þjónustuþegar í nútíð og framtíð geti treyst því að aðgangur að sérhæfðri og nauðsynlegri endurhæfingu sé nú loks kominn til að vera. Stuðningur hins opinbera gerði gæfumuninn í að hefja starfsemi Takts og óskum við því eindregið eftir áframhaldandi stuðningi, það yrði mikið reiðarslag ef rof yrði nú á þjónustunni.

*Við hvetjum stjórnvöld til að tryggja nægt fjármagn til áframhaldandi starfsemi Takts. Parkinsonsamtökin óska jafnframt eftir fundi með fjárlaganefnd til að kynna þjónustuna og fylgja eftir erindinu.*

Fyrir hönd stjórnar Parkinsonsamtakanna og stjórnar Takts endurhæfingar Parkinsonsamtakanna ses,

*Erna Guðmundsdóttir*

Erna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Parkinsonsamtakanna